

Stjórn Sorpu bs.

Ár 2015, mánudaginn, 10. apríl, var 349. stjórnarfundur SORPU bs. haldinn á skrifstofu byggðasamlagsins og hófst hann kl.07:30. Mættir eru: Bjarni Torfi Álfþórsson, Hafsteinn Pálsson, Halldór Auðar Svansson, Jóna Sæmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir og Guðmundur Geirdal. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson og yfirverkfræðingur Bjarni G. P. Hjarðar og Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri. Gestur fundarins undir lið 2 var Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir deildarstjóri innkaupamála hjá Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Tekið fyrir:

1. Grænt bókhald fyrir árið 2014.
Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir endurskoðað grænt bókhald fyrir fyrirtækið. Stjórn samþykkir og undirritar endurskoðað grænt bókhald.
2. Útboð vegna gas- og jarðgerðarstöðvar.
Lagt fram og kynnt minnisblað Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar um mögulegar útbóðsleiðir fyrir gas- og jarðgerðarstöð. Málið rætt. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að málinu í samræmi við bókun á síðasta stjórnarfundum.
3. Útboð vegna þjónustu við endurvinnslustöðvarnar.
Framkvæmdastjóri kynnir minnisblað unnið af Mannvit um mögulegt form og innihald útbóðs vegna þjónustu við endurvinnslustöðvarnar. Málið rætt. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að málinu. Skal boðið út til fimm ára og sama fyrirkomulag viðhaft og áður.
4. Breytingar á gjaldskrá.
Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir minnisblað vegna breytinga á gjaldskrá. Um er að ræða niðurfellingu vörunúmera, upptaka nýrra vörunúmera og breytingar á heitum vörunúmera. Stjórn samþykkir eftirfarandi breytingar á gjaldskrám:

Endurvinnslustöðvar:

- Bæta við vörunúmeri/gjaldskrárlið 1500420 Húsgögn o.p.h. – ekki ljósmálað/plasthúðað.

Móttökustöð í Gufunesi:

- Breyta heiti á vörunúmeri/gjaldskrárlið 14021 úr „Blandaðar umbúðir úr hörðu plasti“ í „Umbúðir úr hörðu plasti“.
- Fella niður vörunúmerið 14024 Afskurður – blandaður“.

Urðunarstaður í Álfsnesi:

- Breyta vörunúmeri/gjaldskrárlið 1213002 Óbagganlegur úrgangur frá götuhreinsun í sér vörunúmer/gjaldskrárlið 12144 Uppsóp frá götuhreinsun.

Breytingarnar taka gildi um mánaðarmótin apríl/maí

Stjórn felur framkvæmdastjóra að rýna alla liði gjaldskrár og skal þeirri vinnu lokið fyrir samþykkt rekstraráætlunar fyrir árið 2016.

5. Sala á metani.
Framkvæmdastjóri fer yfir fyrirkomulag samninga við endursöluaðila metans sem og tímalengd samninga
Framkvæmdastjóri kynnir minnisblað merkt trúnaðarmál, dagsett 26. mars 2015 vegna sölu á metani. Stjórn felur framkvæmdastjóra að semja um sölu við þá aðila sem óska eftir samningum. Samningar verði ekki til lengri tíma en 3ja ára.
6. Endurvinnslustöðin á Dalvegi í Kópavogi.
Kynnt bréf JP Lögmannna vegna lóðar endurvinnslustöðvarinnar að Dalvegi.

7. Aðalfundur Metan ehf. og val á fulltrúa á aðalfundi
Aðalfundur Metan ehf. er boðaður föstudaginn 17. apríl kl. 12:00. Stjórn veitir stjórnarformanni umboð til að fara með atkvæði SORPU á fundinum.
8. Ársfundur SORPU bs.
Í samræmi við eigendastefnu og að höfðu samráði við SSH er ársfundur SORPU bs. boðaður þann 30. apríl næstkomandi en fundurinn verður haldinn ásamt Strætó bs. og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. í Fagralundi í Kópavogi og hefst kl. 14:00
9. Erindi frá Gróðri fyrir fólk í landnámi Ingólfs (GFF).
Lagt fram erindi GFF, dagsett 7.4.2015, þar sem óskað er eftir fundi með stjórn SORPU bs. Stjórn felur formanni, varaformanni og framkvæmdastjóra að funda með forsvarsmönnum GFF.
10. Fundur með Gámaþjónustunni.
Formaður skýrði frá fundi sem stjórnarformaður, varaformaður og framkvæmdastjóri áttu með fulltrúum Gámaþjónustunnar, þar sem farið var yfir ýmis mál.
Stjórn hefur þegið boð frá Gámaþjónustunni um að heimsækja fyrirtækið.
11. Opnun nýrrar móttöku fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir á Ánanaustum.
Framkvæmdastjóri greindi frá formlegri opnun á nýrri móttöku fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir á endurvinnslustöðinni á Ánanaustum sem fram fór laugardaginn 28. mars.
12. Næsti fundur.
Næsti fundur stjórnar verður föstudaginn 15. maí kl. 07:30

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir

Fundi slitið klukkan 10:00

Bjarni Torfi Álfþórsson

Hafsteinn Pálsson
Björn H. Halldórsson
Bjarni G.P. Hjarðar
Sigríður Björg Einarsdóttir

Halldór Auðar Svansson
Jóna Sæmundsdóttir
Rósa Guðbjartsdóttir
Guðmundur Geirdal